

Helstu niðurstöður voru sem hér segir:

### **Vinnustofa 1 - Stoppað í götin - Hagtölur og tölfræði sem rannsóknagögn**

*Markmið vinnustofunnar var að ræða mikilvægi markvissrar og reglubundinnar gagnaöflunar og birtingu hagtalna um menningu og skapandi greinar (culture and creative industries). Þátttakendur ræddu einnig hvers konar gagna er þörf til að fylgjast með vexti og viðgangi atvinnugreinarinnar, sem og samþættingu aðferðafræði við öflun gagna við nágrannalönd. Einnig var rætt um mikilvægi þess að rýna (tölfræði) gögn til gagns og ólíkar leiðir. Skoða þarf sérstaklega hvaða gögn þarf að afla reglubundið um menningu og skapandi greinar og setja fram í mælaborði til að sjá hvernig atvinnuvegurinn er að þróast og hvernig mismunandi aðferðafræði við öflun gagna getur veitt dýpri innsýn í atvinnuveginn, mismunandi greinar innan hans og þeirra sem við þær starfa.*

Helstu niðurstöður eru:

- Hagstofa Íslands þarf að styðjast við alþjóðlegar skilgreiningar, eins og t.d. flokkunarkerfi Eurostat, til að tryggja samanburðarhæfni útgefna hagtalna við önnur lönd.
- Horfa til þess að skilgreiningar sem eru notaðar við gerð hagtalna (og við öflun gagna til rannsókna) sé hægt að nota til að greina mismunandi þætti innan menningar og skapandi greina og milli greina innan hans, s.s. tónlist, myndlist, leikjageira.
- Auka samstarf við hagaðila innan skapandi gagna sem safna reglubundið gögnum og hægt væri að nýta, annars vegar í hagtölugerð, og hins vegar í stefnumótun.
- Skoða möguleika á að gera svokallaða hliðarreikninga (satellite accounts) fyrir skapandi greinar, s.s. meta sérstaklega hlut skapandi greina í landsframleiðslu á ársgrundvelli, m.a. út frá vinnuafli, fjárfestingum og öðrum hagtölum úr þjóðhagsreikningum. Geta nýst sem grundvöllur ákveðinna rannsókna.
- Skilgreina í samráði hagaðila innan skapandi greina, stjórnvalda og háskóla hvaða mælingar mikilvægast er að gera reglubundið og setja fram í sérstöku mælaborði.

### **Vinnustofa 2 - Tækifæri tengd skapandi greinum á landsbyggð. Nýsköpun eða atvinnuþróun nema hvoru tveggja sé?**

*Markmið vinnusmiðjunnar var að ræða þarfir landsbyggðar fyrir samtal um núverandi stoðkerfi við menningu og nýsköpun og þörf á mótun sameiginlegs skilnings á því hvort stuðningur við menningu og skapandi störf sé atvinnuþróun, menning, nýsköpun eða allt í senn. Rætt var um ólíka aðferðafræði, ferli og stoðkerfi nýsköpunar í menningu og skapandi greinum og hvernig hægt væri að auka getu frumkvöðla og fyrirtækja á landsbyggð til að leiða nýsköpun og stuðla að samkeppnishæfni og sjálfbærni samfélaga. Þá var mikilvægi þess að búa til mælikvarða til að mæla virði nýsköpunarstarfs í þessu samhengi rætt, sem og þróun mælaborðs til að birta gögn (tölfræði) reglubundið sem varpa ljósi á þróun menningarstarfsemi og skapandi greina á landsbyggð.*

Helstu niðurstöður eru:

- Skoða þarf hvernig hægt er að draga úr samþjöppun í dreifingu fjármagns til menningarmála. Sveitarfélög eru þrýstiafl í þessu sambandi en staðsetning stoðkerfis skiptir einnig máli.
- Meiri áherslu á menningu og skapandi greinar er þörf innan Byggðastofnunar, s.s. með ráðningu menningarfulltrúa.

- Auka þarf aðgengi að styrktarsjóðum og stuðning við umsóknaskrif, bæði í innlenda og erlenda sjóði. Efla þarf einnig getu stofnana til að veita stuðning, s.s. í tengslum við mat umsókna og gerð mælikvarða um mat á árangri.
- Rýna til gagns núverandi skiptingu fjármagns í Uppbyggingasjóði milli nýsköpunarverkefna annars vegar, og hins vegar menningarverkefna, og endurskoða hvernig menningartengd verkefni eru skilgreind, eru líka nýsköpun og skapa félagsleg og efnisleg verðmæti.
- Ólík menningarstarfsemi á landsbyggð byggir gjarnan á atvinnuvegum og frumkvæði samfélagsins en einnig á hreyfanleika fólks. Tiltekinn fjöldi (critical mass) þarf þó til að kveikja þróun.
- Móta þarf mælikvarða til að mæla áhrif lista og menningar og einstök menningarverkefni og setja inn í stefnumótun um menningarmál.
- Rýna þarf tengsl ferðaþjónustu og menningar og á hvaða grunni menningartengd ferðaþjónusta byggir, þ.e. hvar nýsköpunin liggur, og hvar þurfi þá innspýtingu.

### **Vinnustofa 3 - Stefnumörkun í menningu og skapandi greinum – samspil opinberrar stefnumótunar og rannsókna í menningu og skapandi greinum.**

*Markmið vinnustofunnar var að ræða mikilvægi markvissrar og reglubundinnar stefnumörkunar fyrir menningu og skapandi greinar í því miði að styðja við mótun framsækins skapandi vistkerfis, fullnýta tækifæri til vaxtar og áframhaldandi þróunar og rækta skapandi mannauð. Rætt var hvernig reglubundin gagnaöflun, þar sem gæði gagna eru tryggð, og fjölbættar rannsóknir geta undirbyggt slíka stefnumótunavinnu. Þá var einnig rætt hvernig tekist hefur til á Íslandi til þessa varðandi stefnumörkun í menningu, hvernig hægt sé að samtvinna menningarstefnu til framtíðar við stefnumörkun í skapandi greinum og hvað við getum lært af öðrum þjóðum.*

Helstu niðurstöður eru:

- Rannsóknnum á skapandi greinum fjölgar hægt. Áhersla til þessa mest á listamenn og þeirra verk (listamenn og list sem starfsemi). Útvíkka þarf rannsóknaviðfangsefni og vinna bæði meginlegar og eiginlegar rannsóknir, kerfisbinda (tölfræði) gögn og vinna samanburð við önnur lönd.
- Covid heimsfaraldur stuðlaði að breytingu í hegðun menningarneytenda. Þessi breyting og hröð stafræn þróun kallar á breytt menningarlandslag og hefur bein áhrif á stefnumótun til framtíðar, s.s. varðandi þekkingu á þróun áhorfenda, áhrif stafrænnar tækni o.flr.
- Rýna þarf hvort og þá hvernig hægt er að móta samlegt á milli menningarstefnu annars vegar og stefnumörkun í skapandi greinum hins vegar, s.s. skoða virði í félagslegu og efnahagslegu tilliti.
- Stuðla þarf að skipulögðu og reglubundnum samstarfi milli Norðurlanda, bæði í rannsóknnum og í tengslum við hagtölugerð.
- Aðgreina þarf í rannsóknnum mismunandi svið skapandi greina og rannsaka sérstaklega einkenni þeira og þróun, s.s. hönnun, myndlist, tónlist.
- Þörf er á rannsóknnum á áhorfendum, áhorfendapróun og markaðssetningu, á áhrifum menningar og skapandi greina á lífsánægju og rannsóknnum sem styðja við uppbyggingu hæfni skapandi einstaklinga.
- Stefnumörkun til framtíðar og samfélagsumræða kallar á að rannsakað sé hverjir taka þátt í skapandi greinum (fjölbreytni listamanna, þátttaka ólíkra hópa og aðlögun að íslensku menningarlífi).

#### **Vinnustofa 4 - Tengsl nýsköpunar, hugverka, menningar og skapandi greina**

*Markmið vinnustofunnar var að ræða hvernig hugverk, nýsköpun, menning og skapandi greinar tengjast. Hugverk eru huglæg og óáþreifanleg en eru oft verðmætustu eignir fyrirtækja. Hugverk verða til við þróun nýrra hugmynda, lausna eða endurbóta (við nýsköpun). Menning og skapandi greinar eru oft hvati nýsköpunar, nauðsynlegar í hvers kyns lausnaleyti og í þverfaglegri nýsköpun. Rædd verður ólík aðferðafræði, ferli og stoðkerfi nýsköpunar, og hvernig hægt sé að auka getu frumkvöðla og fyrirtækja í skapandi greinum til að leiða nýsköpun og stuðla að samkeppnishæfni og sjálfbærni samfélaga.*

Helstu niðurstöður eru:

- Listir eru vara sem er undirverðlögð. Auka þarf virði lista, byrja á menntakerfinu og skapa fleiri börnum raunveruleg tækifæri til að stunda listnám, s.s. á landsbyggð og á ólíkum skólastigum.
- Mikilvægt að ræða mismunandi skilgreiningar á því hvað skapandi greinar eru - ólík starfsemi sem þarf mismunandi stuðning en myndar samt heild, hver grein er mikilvægt þúll í mengið.
- Gera núverandi stoðkerfi sveigjanlegra, s.s. auðvelda breytingar á áherslum og færslu fjármagns milli sjóða. Sýnileg nýsköpun innan stjórnsýslu getur haft jákvæð áhrif á framþróun stoðkerfis.
- Endurskoða matsviðmið einstakra styrktarsjóða, s.s. hvernig taka þau tillit til sérkenna skapandi greina og viðhorf matsmanna í einstaka sjóðum gagnvart nýsköpun sem kemur frá skapandi greinum.
- Skoða aðgengi ólíkra hópa að einstaka sjóðum og mismunandi þarfir og tengslanet einstakra greina m.t.t. fjármögnunar og ráðgjafar og stuðnings við umsóknaskrif.
- Afla (tölfræðilegra) gagna til að byggja ákvarðanir á varðandi það hversu skilvirkt stoðkerfið er, hverjum það þjónar (t.d. hvaða mark- og aldursþópum) og til að meta virði stuðningsins.
- Efla aðgengi að (tölfræði)gögnum og fjölþættum rannsóknnum. Gögn eru grunnur stefnumörkunar, grunnur þess að mæla virði. Þurfum að koma okkur saman um hvað þarf að mæla reglubundið.
- Vinna hæfnitengdar rannsóknir s.s. til veita t.d. STEAM nálgun í námi sterkari grundvöll. Rýna aðferðafræði listamanna og frumkvöðla og bera saman.
- Vinna meginlegar rannsóknir um mismunandi atvinnugreinar þar sem þær eru mjög ólíkar.